

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

2.-3. tbl. • Mars 2000

IÐNÆING 2000

Upplýsingatækni lykill að hagsæld

Iðnæing 2000 var haldið undir kjör-
orðinu „Upplýsingatækni og þekk-
ingariðnaður á Íslandi.“ Í ályktun
Iðnæings leggja Samtök iðnaðarins
áherslu á að áfram verði haldið að
markaðsvæða hagkerfið og færa um-
hverfi fyrirtækja hér á landi í það
horf sem best gerist í heiminum.

Í ályktuninni kemur fram að launa-
kjör þurfi að þróast hér í takt við fram-
leiðni og vera í samræmi við það sem

gerist í okkar nágretta- og
samkeppnislöndum. Í
ályktuninni er fullyrt að
tæknivæðing og aukin
menntun starfsmanna sé
besta leiðin til að bæta
varanlega lífskjör þjóðar-
innar.

Vilmundur Jósefsson,
framkvæmdastjóri Gæða-
fæðis, var kosinn formaður SI og tekur
hann við af Haraldi Sumarliðasyni sem



Nýr formaður Vilmundur Jósefsson framkvæmdastjóri
Gæðafæðis, var kosinn formaður Samtakanna

gaf ekki kost á sér eftir áratuga störf í
framvarðarsveit iðnaðarins.



Friður á vinnumarkaði

Með þeim kjarasamningi sem SA og Flóabandalagið
hafa undirritað er lagður grundvöllur að friði á vinnu-
markaði næstu fjögur ár. Þann grundvöll þarf að nýta
við aðra samningsgerð sem framundan er.

Almennar launabreytingar eru þessar:

1. mars 2000	3,90%
1. janúar 2001	3,00%
1. janúar 2002	3,00%
1. janúar 2003	2,25%

Samningstími er frá 1. mars 2000 til 15. sept. 2003.

Markmið samningsins er að:

- treysta undirstöður kaupmáttar launa
- lágstu launin hækki mest
- stuðla að stöðugu efnahagslífi
- auka starfsfræðslu
- lengja og skilgreina betur veikindarétt
- bæta hag launafólks á efri árum

Forsendur samningsins eru þær að sú launastefna,
sem í honum felst, verði stefnumarkandi og verðbólga
fari minnkandi. Kostnaðarhækkun fyrirtækja á sam-
ningstímanum er í heild metin 18,5 af hundraði, mest á
fyrsta ári eða 5,7%, 4,1% á næsta ári, 4,3% á árinu 2002
og 3,3% á árinu 2003. [Sjá nánar á www.sa.is](http://www.sa.is).

Forsenda fyrir mjúkri lendingu

Kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins við Flóabandalagið svokallaða fram í september 2003 er farsæl niðurstaða í ákaflega erfiðri stöðu. Það er full ástæða til að fagna því að tekist hefur að tryggja vinnufrið til svo langs tíma.

Þrátt fyrir að kostnaðarhækkunar á þessu ári verði mun meiri og jafnvel helmingi meiri en almennt gerist í samkeppnislöndum okkar var að flestra manna mati óraunhæft að ná samningum um minni hækkunar án átaka. Þar kemur margt til, vaxandi verðbólga, spenna á vinnumarkaði og tvístruð verkálýðshreyfing. Launahækkunar opinberra starfsmanna vega einnig þungt. Ekki má heldur gleyma að þeir hópar sem eru með samninga fram á næsta haust og vetur voru þegar um sl. áramót búnir að fá 3-3,5% launahækkun en verkamenn og iðnaðarmenn, sem voru með samninga til 15. febrúar, höfðu enga umsamda hækkun fengið. Í raun var að öllu samman lögðu búið að slá tóninn hvað varðaði upphafshækkun í nýjum samningi

við þessa aðila. Sá tónn er vissulega á hærri nóttunum miðað við efnahagsástand og samkeppnisstöðu.

NÝR TÓN VÍÐ GAMALT STEF

Það kveður að nokkru leyti við nýjan tón í þessum samningi. Ekki að það sé neitt nýtt að lagt sé upp með að hækka lægstu launin mest. Fremur hitt að verulegur hluti kjarabótanna felst í hvata til lífeyrisparnaðar og verulegt skref er stigið varðandi menntamál ófaglærðra, í stað hefðbundinna óljósra bókana. Samningsaðilar hafa einnig sameinast um óvenju skýra heitstrengingu um það að ekki verði samið við aðra hópa (félög eða sambönd) um meiri hækkunar. Vonandi stappar þessi heitstrenging stálinu í opinbera aðila. Það er full þörf á að minna á að það tíðkast hvergi að opinberir aðilar móti einhverja sérstaka launastefnu fyrir sig og sína gersamlega úr takti við atvinnulífið í landinu. Það er einnig ástæða til að minna fjármálastofnanir sérstaklega á að það er vægast sagt óheppilegt að þær móti launastefnu sem er gersamlega úr takti við atvinnulífið almennt meðan hver vaxtahækkunin rekur aðra en fjármálastofnanirnar græða á tá og fingri.



VITNAÐ Í SEÐLABANKANN

Í ágætri greiningu á stöðu efnahagsmála í síðustu haustskýrslu Seðlabankans segir meðal annars: „Forsenda þess að gengi haldist stöðugt til lengri tíma er að það takist að hemja vöxt eftirspurnar á næstu misserum.“... „Því er brýn þörf á að öllum tækjum hagstjórnar verði beitt af fullum þunga gegn óhöflegum vexti innlendrar eftirspurnar og peninga- og útlánþenslu.“... „Það er einnig forsenda þess að mjúk lending takist að kjarasamningar á næsta ári (þ.e. núna árið 2000) samrýmist lækkun verðbólgu frá því sem nú er. Verði þessum áherslum fylgt eftir eru góðar líkur á að að hægt verði að endurreisa verðstöðugleika og jafnvæghagvöxt án harkalegrar aðlögunar eða samdráttar.“ Rétt er að taka fram að með harkalegri aðlögun á Seðlabankinn hér við gengisfellinguna en jafnvæghagvöxtur er hagvöxtur sem ekki er drifinn áfram af einkaneyslu sem fjármögnuð er með skuldasöfnun erlendis.

MJÚK LENDING?

Sú forsenda kjarasamningsins að verðbólga fari minnkandi er engan veginn tryggð. Nú reynir mjög á hagstjórnina ef sú forsenda á að ganga eftir. Skattalækkun í tengslum við gerð samningsins, ein og sér, er ekki rétta aðferðin við að draga úr þenslu og verðbólgu. Það þarf allt annað og meira til. Nú er hins vegar færi til að gera aðra kjarasamninga í takti við þennan, þar á meðal við opinbera starfsmenn. Næsta verkefni samtaka okkar að því loknu hlýtur að vera að knýja á um að þessu verði fylgt eftir með nauðsynlegum aðgerðum til þess að draga úr viðskiptahallanum. Þar eru bara tvær leiðir til: Aukinn sparnaður með niðurskurði í opinberum rekstri eða skattahækkunar. Atvinnulífið þolir ekki meiri hrossalækningar í formi gengishækkana íslensku krónunnar sem knúðar hafa verið fram með vaxtahækkunum annan hvern mánuð.

Sveinn Hannesson



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
02.-03. tbl. Mars 2000
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 14. mars 2000
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Litgreining: Prentmyndastofan hf.

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450,
121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is,
e-mail:thora@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Ingi Bogi Bogason
Umbrot og setning: Þóra Ólafsdóttir
Efnisstjóri: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.



Ályktun Iðnþings

Með almennari leikreglum er fjölbreytni íslensks efnahags- og atvinnulífs sífellt að aukast.

Hagvöxtur undangenginna ára skýrist ekki af vexti þeirra frumþátta sem drifu hagkerfið hér á árum áður. Í dögum nýrrar aldar er mannauðurinn í fyrirrími.

- Með hugviti er verðmætasköpunin aukin.
- Með menntun er hefðbundnu handverki breytt í hátækniframleiðslu.
- Með alþjóðavæðingu færast starfsumhverfi fyrirtækja í betra horf.

Í framþróun hagkerfisins undanfarið má merkja mikinn kraft sem hefur fært með sér margt jákvætt: Atvinnuleysi hefur minnkað til muna, framleiðnin aukist og kaupmáttur vaxið hratt.

Hinu er ekki að leyna að vöxtur hagkerfisins hefur reynt mjög á þanþól þess. Miklar innlendar kostnaðarhækkningar hafa skaðað samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Verðbólgan hefur aukist og er nú miklu meiri en ásættanlegt er. Viðskiptahallinn er umtalsverður og ógnar efnahagsbata undangenginna ára.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að áfram verði haldið á þeirri braut að markaðsvæða hagkerfið og færa umhverfi fyrirtækja hér á landi í það horf sem best gerist í heiminum. Launakjör þurfa að þróast hér í takt við framleiðni og vera í samræmi við það sem gerist í nágranna- og samkeppnislöndum okkar. Tæknivæðing og aukin menntun starfsmanna er besta leiðin til að bæta varanlega lífskjör þjóðarinnar. Að því vilja Samtök iðnaðarins vinna.

Niðurstaða úr stjórnarkjöri Samtaka iðnaðarins



Framkvæmdastjóri og ný stjórn SI

Gildir atkvæðaseðlar til stjórnarkjörs Samtaka iðnaðarins á Iðnþingi voru 55.913. Greidd atkvæði reyndust 45.055 og kosningaþátttaka því 80,58%. Kosning er tvískipt, þ.e. annars vegar er formannskjör en hins vegar stjórnarkjör.

Í formannskjöri gaf Vilmundur Jónsson einn kost á sér. Hlaut hann 34.099 atkvæði. Vilmundur er því rétt kjörinn formaður Samtaka iðnaðarins til Iðnþings að ári.

KJÖR STJÓRNAR OG RÁÐGJAFARÁÐS

Alls gáfu 9 menn kost á sér til setu í stjórn og ráðgjafaráði. Í þeirri kosningu, eins og raunar í formannskjöri einnig, er heimilt að kjósa hvaða kjörngengan félagsmann sem er þótt hann hafi ekki formlega gefið kost á sér.

Þeir þrír, sem flest atkvæði hlutu, voru kosnir í stjórn Samtaka iðnaðarins til næstu tveggja ára og eru þessir: Friðrik Andrésson 29.264 atkvæði, Hreinn Jakobsson 24.833 atkvæði og Jón Albert Kristinsson 24.615 atkvæði. Fyrir í stjórn eru Helgi Magnússon, Eiður Haraldsson, Geir A. Gunnlaugsson og Örn Jóhannsson.

Þeir sex, sem næstir koma að atkvæðatölu eru kjörnir til setu í ráðgjafaráði Samtaka iðnaðarins til eins

árs og eru jafnframt varamenn í stjórn Samtakanna.

Þeir eru Valgeir Hallvarðsson, Magnús Ólafsson, Eyjólfur Sigurðsson, Jakob

Bjarnason, Lovísa Jónsdóttir og Magnús Jóhannsson.



Hreinn Jakobsson
forstjóri Skýrr, nýr
stjórnarmaður SI

Þórarinn Gunnarsson



Styrkleikinn byggist á sveigjanleika

Í ræðu sinni á Iðnþingi gerði Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, sterka stöðu íslensku krónunnar að umtalsefni. Raungengi krónunnar hefði hækkað á undanförunum misserum samfara aukinni verðbólgu og hærra nafngengi krónunnar. Þessi staðreynd væri lýsandi fyrir lakari samkeppnisstöðu atvinnuveganna.

OF HÁTT RAUNGENGI

Ráðherra taldi ljóst að raungengi miðað við vísitölu neysluverðs hefði ekki verið hærra í sjö ár: „Við þessar aðstæður er staða iðnaðarins vissulega áhyggjuefni enda sér þess stað í veltutölum. Heildarvelta samkvæmt virðisaukaskattsframtölum jókst um tæplega 8% fyrstu átta mánuði síðasta árs í samanburði við árið 1998. Veltuaukning í verslun á sama tímabili var um 10% en í iðnaði aðeins um tæplega 2%.“

Iðnaðarráðherra taldi brýnustu verkefni næstu missera hljóta engu að síður að vera að draga úr verðbólgu og auka sparnað í þjóðfélaginu. Með þeim hætti gætum við best tryggt áframhaldandi góð starfsskilyrði atvinnuveganna og þar með lífskjör í landinu.

VÖXTUR UPPLÝSINGATÆKNINNAR

Iðnaðarráðherra ræddi möguleika og stöðu upplýsingatækninnar og benti á að íslenskur upplýsingatækni-iðnaður hefði í upphafi nánast risið af sjálfu sér og án sérstakrar aðstoðar stuðningsumhverfis íslensks vísinda- og tæknisamfélags: „Sé tekið mið af árunum frá 1990 til 1998 hefur útflutningur fyrirtækja í hugbúnaðargerð og ráðgjöf meira en áttatíufaldast á þessu átta ára tímabili. Segja má að árið 1998 hafi fyrirtæki í upplýsingatækni komist á blað með afgerandi hætti er útflutningur þeirra náði að vera meira en 1% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Sé þetta skoðað út frá þjóðartekjum lætur nærri, að upplýsingatæknin hafi skapað 4% af vergum þáttartekjum þjóðarinnar árið 1998. Einnig fer þetta hlutfall hækkanði þannig að greinin er stöðugt að skapa stærri og stærri hlut af þjóðartekjum okkar.“

Ráðherra taldi styrkleika fyrirtækjanna næstu árin byggjast á sveigjanleika þeirra og hæfni til að koma fram með nýjungar og bregðast við breytingum. Fjarlægðir milli viðskiptavina eða landfræðileg lega þeirra muni ekki skipta veigamiklu máli. Traust viðskiptasiðgæði, hátt menningarstig og áreiðanlegir stjórnarhættir muni aftur



á móti skipta sköpum í rafrænum viðskiptum framtíðarinnar.



Í lok ræðu sinnar opnaði ráðherra idnadur.is sem er samstarfsverkefni iðnaðarráðuneytisins og Samtaka iðnaðarins: „Þessi upplýsingaveita hefur fengið nafnið iðnaður.is sem er eins og nafnið bendir til, að finna á Netinu. Það er vel til fundið að formleg opnun iðnaður.is sé á dagskrá þessa Iðnþings þar sem yfirskriftin er „Iðnaður og upplýsingatækni við upphaf nýrrar aldar.“ Iðnaður.is er vissulega tímans ták.“



Opinberar upplýsingar verði nothæfar

Haraldur Sumarliðason hélt að þessu sinni sína síðustu ræðu sem formaður SI og kom víða við. Efnahagsmál, þróun samtaka í atvinnulífinu, menntamál, upplýsingatækni og þekkingariðnaður voru meðal mál-efna.

EFNAHAGSUMRÆÐAN

Haraldur nefndi að stjórnarliðum yrði nú tíðrætt um ríkulegan hagvöxt, góðæri og aukna velmegun. Stjórnarandstæðingar á hinn bóginn töluðu um vaxandi aðstöðumun ríkra og snauðra, misskiptingu auðs og græðgina á verðbréfamarkaðinum. Staðan í efnahagsmálum væri ein-kennileg. Þjörtu hliðarnar væru mikil og vaxandi atvinna, lítið atvinnuleysi og vaxandi kaupmáttur. Dökku hliðarnar væru vaxandi innlend verðbólga, versnandi samkeppnisstaða og minnkandi arðsemi þeirra fyrirtækja sem eiga í hvað mestri samkeppni við erlenda aðila.

BRAGARBÓTAR ÞÖRF

Haraldur ítrekaði að stöðugar og góðar upplýsingar um rekstrarstöðu hvers fyrirtækis væru einn af lykilþáttum þess að því væri stjórnað af skynsemi. Sama gilti um rekstur þjóðarbúsins og atvinnulífsins.

„Hið opinbera safnar gríðarmiklu magni upplýsinga frá fyrirtækjum landsins. Oft finnst manni að illa sé farið með þessar upplýsingar og þær ekki nýttar sem skyldi. Mörgum spurningum, t.d. um afkomu og launaskrið í iðnaði, er hægt að svara með því að vinna úr þeim gögnum sem skatturinn safnar, eins og með innheimtu staðgreiðslu- og virðisaukaskattskýrslna. En það er ekki gert. Þess í stað safna Hagstofan og Þjóðhagsstofnun þessum upplýsingum frá fyrirtækjum og niðurstaðan verður sú að „nýjustu tölur“ eru í mörgum tilvikum orðnar margra ára gamlar þegar þær koma út. Hér verður að gera bragarbót.“

„Samtök iðnaðarins telja,“ sagði Haraldur, „að beita þurfi öllum tiltækum ráðum til að auka framleiðni fyrirtækja hér á landi. Ekki síst telja Samtökin að

gera þurfi hóflega kjarasamninga. Ljóst er að með launahækkunum undanfarinna ára hefur verið tekið meira út en innistæða er fyrir.“

SAMRÁÐ VIÐ ATVINNULÍFIÐ

Haraldur gerði að umtalsefni samskipti Samtaka iðnaðarins og stjórnvalda: „Til þess að ná árangri verðum við reiða okkur á samskipti við Alþingi, ráðherra og embættismenn. Forsvarsmenn Samtaka iðnaðarins hitta iðnaðarráðherra á reglulegum fundum einu sinni í mánuði til þess ræða þau mál sem efst eru á baugi hverju sinni í starfsskiptum iðnaðarins.“

Haraldur var ekki í vafa um að þessi samskipti gætu orðið hvorum tveggja til gagns: „Eðli málsins samkvæmt erum það við sem sækjum á stjórnvöld til þess að vinna málum okkar brautargengi. Stjórnvöld mættu þó oft hafa frumkvæði að því að leita eftir samráði við atvinnulífið, spyrja áhlits og leita ráða hjá fyrirtækjunum og samtökum þeirra.“

BREYTT SAMTÖK

Haraldur sagði að Samtökin hefðu breyst. Verkefni á borð við gæðastjórnun og eflingu verk- og tækni-menntunar hefðu ekki verið fyrirferðarmikil fyrir nokkrum árum. Þetta taldi Haraldur eðlilega þróun því að Samtökin hlytu að breytast með iðnaðinum sem þau eiga að þjóna.

„Samtökin hafa t.d. að undanfögnu varið umtalsverðum fjármunum til þess að innleiða gæðastjórnun í byggingariðnaði og munu smám saman þróa þá vinnu frekar og bjóða öðrum greinum staðlaðar lausnir og námskeið á þessu sviði. Innan fárra ára munu þeir, sem ekki starfa samkvæmt gæðakerfi, verða útilokaðir frá þátttöku í öllum stórútboðum. Gæðakerfið verður orðið að meistarábréfi framtíðarinnar - ekki vegna einkaleyfis eða vegna kröfu frá iðnaðinum heldur vegna kröfu markaðarins.“

STERKARI SAMTÖK, LÆKKUN FÉLAGSGJALDA

Haraldur sagði að stofnun Samtaka

atvinnulífsins væri djörf ákvörðun en ekki vandalaus: „Á næstu mánuðum mun reyna á samtöðu atvinnurekenda og vilja þeirra til samvinnu. Önnur prófraun, sem hin nýju Samtök atvinnulífsins þurfa að standast, er að sýna sjálfstæði gagnvart stjórnvöldum. Samtök atvinnulífsins verða að reka sjálfstæða efnahagsstefnu óháð hinum breytilegu pólitísku vindum ella munu þau glata trausti félagsmanna og þar með tilgangi sínum.“

STJÓRNKERFIÐ BREYTTIST EKKI

„Samtökum atvinnurekenda hefur fækkað og unnið hefur verið að hagræðingu innan þeirra vébanda á undanförunum árum,“ sagði Haraldur. „Það eru því vonbrigði að innan stjórnkerfisins bólar ekkert á hliðstæðri þróun. Núverandi skipulag og verkaskipting ráðuneyta og stofnana byggist á úreltum viðhorfum um skiptingu atvinnulífsins í ólíkar ef ekki andstæðar fylkingar. Þessu verður að breyta því að þetta fyrirkomulag stendur ýmsum góðum málum fyrir þrífum. Nýjar greinar eiga hvergi samastað og hagræðing strandar á togstreitu milli ráðuneyta.“

TÆKNISKÓLAMÁL

– VERK OG TÆKNIMENNTUN

Nú er liðið eitt og hálf ár frá því að Samtök iðnaðarins hófu virk afskipti af málefnum tæknimenntunar hér á landi.

Stofnað hefur verið „Undirbúningsfélag“ til að leita samninga við menntamálaráðuneytið um rekstur Tækniskóla Íslands. Í stjórn félagsins sitja fulltrúar frá Samtökum iðnaðarins, Alþýðusambandi Íslands, Tæknifræðingafélagi Íslands og frá Rannsóknastofnunum atvinnuveganna. Félagið undirbýr nú samningaviðræður við menntamálaráðuneytið um þetta mál.



Ég er sannfærður um það mun leiða til þess að upp rís völdug menntastofnun sem verður eins og vítamín-sprautu fyrir íslenskan iðnað," sagði Haraldur.

Nauðsynlegt væri að breyta almennt viðhorfum í þjóðfélaginu til tæknimenntunar, fá fleira gott, ungt fólk til að nema tæknigreinar: „Samtök iðnaðarins vilja stofna víðtækt hagsmunafélag með skólum og félögum sem málið varðar svo að verk- og tæknigreinar megi dafna.“

UPPLÝSINGATÆKNI OG ÞEKKINGARIÐNAÐUR

Haraldur ræddi upplýsingatæknina, hraðan vöxt hennar og mikilvægi þessa nýiðnaðar fyrir iðnaðinn í heild: „Vöxtur upplýsingatækni og þekkingariðnaðar er ótrúlegur hvort sem lítið er til veltu, hlutdeildar í þjóðartekjum, útflutnings eða mannafla. Það eru væntanlega fleiri en ég sem eiga erfitt með að átta sig á þessari öru þróun og þýðingu hennar hvort sem einstaklingar eða fyrirtæki eiga í hlut. Það er þess vegna ekki að ástæðulausu að þetta iðnþing er helgað upplýsingatækni og þekkingariðnaði á Íslandi.“

Haraldur nefndi að Samtökin sjálf yrðu að nýta nýja tækni í eigin rekstri og samskiptum við félagsmennina og þeim til framdráttar. Hann nefndi VIKING-verkefnið sem dæmi um slíkt. Ætlunin væri einnig að nota þessa tækni til þess að efla tengsl iðnaðarins við unga fólkíð landinu og væri idnadur.is til vitnis um það.

Haraldur Sumarliðason hefur verið í forustu iðnaðarins á þriðja áratug, forseti Landssambands iðnaðarmanna frá 1985 og formaður Samtaka iðnaðarins frá stofnun 1993. Hann nefndi að þetta hefði verið tími mikilla breytinga og þakkaði félagsmönnum, samstjórnarmönnum sínum og starfsmönnum Samtakanna fyrir ánægjulega og trausta samvinnu þessi ár og óskaði Samtökunum iðnaðarins velfarnaðar á komandi tímum.

www.si.is



Erindi Iðnþings 2000

Upplýsingatækni og þekkingariðnaður á Íslandi
Möguleikar við upphaf nýrrar aldar



Hreinn Jakobsson,
forstjóri, Skýrr hf.

FJARSKITPI FRAMTÍÐAR

Hreinn Jakobsson fjallaði um nýjar lausnir í tölvusamskiptum og fjar-skiptum þar sem

hraði og öryggi í gagnaflutningum munu margfaldast frá því sem nú þekkest. Loftnet Skýrr er dæmi um slíka nýja lausn sem þegar er orðin aðgengileg fyrirtækjum.

Þá kynnti Hreinn nýja möguleika í tölvuvæðingu fyrirtækja í formi kerfis-leigu sem færir fyrirtækjum nýja möguleika til að fylgjast stöðugt með nýjungum og hagnýta þær um leið og þær koma fram. Þetta gefi fyrirtækjum og starfsmönnum þeirra nýja möguleika á aðgengi að upplýsingum fyrirtækisins óháð stað og stund.

Ljóst sé að þeir nýju möguleikar sem þessi tækni býður, boði byltingu í notkun Internetsins og í öllum tölvusamskiptum á Íslandi.



Guðmundur Óskarsson,
verkefnis-
stjóri, Hugvit hf.

NÝJAR LEIÐIR Í SAMSKIPTUM VIÐ HIÐ OPINBERA

Guðmundur Óskarsson ræddi um

nýjar leiðir í samskiptum einstaklinga og fyrirtækja við hið opinbera þar sem þjónustan verður rafræn í vaxandi mæli og mun aðgengilegri en við þekkjum nú, óháð stað og tíma.

Markmið og stefna ríkisstjórnar Íslands sé að „Íslendingar verði í fararbroddi þjóða heims við nýtingu upplýsingatækni í þágu bættis mannlífs og aukinnar hagsældar.“

Guðmundur sagði margar ríkisstofnanir komnar vel á veg í þessari þróun en einkageirinn standi þó feti framur enn sem komið er. Samkeppni einkafyrirtækja hafi verið helsti drifkrafturinn en líkt sé þó á döfinni hjá flestum ríkisstofnunum og bæjarfélögum. Fyrirtæki og einstaklingar muni geta sótt um og fylgt eftir þjónustu/eftirliti opinberra stofnana gegnum vefsvæði.

Guðmundur taldi að framundan væru mörg tækifæri til að gera betur á vettvangi hins opinbera. Opinberar stofnanir finni fyrir þrýstingi frá viðskiptavinum og hafi séð tækifærin en nokkuð skorti á að lagalegt umhverfi og nægilegt öryggi en það standi þó til bóta. Eitt af lykilatriðunum í þessu sambandi séu stafrænar undirskriftir. Skammt sé í lagalegar og tæknilegar lausnir í því sambandi og nokkrir möguleikar séu í athugun. Fullkomið öryggi verði þó aldrei í rafrænni þjónustu frekar en annarri. Menn þurfi hins vegar að leita lausna til að vernda þá sem verða fyrir misnotkun annarra.

Hann sagði dæmigert viðskiptakerfi

byrja í einu kerfi og enda í öðru. Vandamálið liggja í samtengingu mismunandi kerfa. Nýtt þróunarverkefni (SERVEX) á vettvangi Evrópusambandsins miði að því að leiða fram lausnir á þessu sviði í nánustu framtíð.



Gunnar Ingimundarson, framkvæmdastjóri, Hugur hf. / EJS hf.

ÞRÓUN UPPLÝSINGATÆKNINNAR M.T.T. ÞARFA IÐNAÐARINS

Gunnar talaði á Iðnþingi sem fulltrúi fyrirtækjanna Hugur hf. og EJS hf. sem keypti á síðasta ári öll hlutabréf í Hugur hf. Velta EJS samstæðunnar var á síðasta ári um 3,5 milljarðar og starfsmenn um 300, þar af 80% háskólamenntaðir.

Gunnar fjallaði í erindi sínu einkum um upplýsingakerfi í iðnaði, stöðu og næstu framtíð. Hann hélt því fram að þróun upplýsingakerfa væri í auknum mæli að skila sér í ávinningi fyrir notendur, m.a. í því formi að handavinna væri leyst af hólmi og framleiðni ykist. Aðgengi að gögnum væri aukið til að vinna upplýsingar fyrir stjórnendur sem þannig öðluðust meiri yfirsýn og betri forsendur til að taka ákvarðanir.

Það vandamál að tölvukerfi væru ekki samhæfð hefði frá upphafi tölvubyltingar verið eitt helsta vandamál notenda og falið í sér ómældu vinnu fyrir þá sem þróa lausnir. Aukin stöðun væri vissulega til bóta en stöðugar nýjungar í tækni, bæði í vélbúnaði og hugbúnaði, leiddu til þess að samhæfingarvandinn fylgdi tölvutækninni um ókomna tíð.

Gunnar taldi þó að almennt hefðum við gengið til góðs götuna fram eftir veg en lausnirnar gerðu oft miklar kröfur og undirbúningi væri oft áfátt. Það ætti einkum við þarfagreiningu, skilgreiningu ferla og aðlögun að sérþörfum. Þá væri kennsla og þjálfun starfsmanna oft vanmetin auk þess sem þjónusta hugbúnaðarfyrirtækjanna hefði oft ekki staðið undir væntingum og áætlanir ekki staðist. Skortur á hæfum stjórnendum á öllum svið-

um væri oft rótin að mörgum þeim vanda sem við væri að glíma.

Gunnar sagði lausnina liggja í faglegri vinnubrögðum, betri tíma- og verkáætlunum, skilvirkari verkstjórn og formlegri eftirfylgni verkefna. Þá þyrfti að leggja áherslu á breiðari þjónustu, viðtækari ráðgjöf m.a. hvað varði ferla, auk þess sem seljendur tölvukerfa og þjónustu þyrftu helst að gjörþekkja þarfir viðskiptavina og sjá þær fyrir. Samstarf í þessu sambandi skipti miklu máli.

Framtíðina taldi Gunnar liggja í að nýta upplýsingakerfin til fulls. Þar lægju fyrir fjölmörg verkefni s.s. á sviði vörustjórnunar, rafrænna viðskipta, nýtingu vefjarins, sjálfvirkni í gagnaskráningu og söfnun ganga.

Kröfur til upplýsingakerfa morgundagsins fælust í meiri hraða í öllum viðskiptum, möguleika á meiri nálægð við viðskiptavini, greiðari aðgangi að upplýsingum, auknum kröfum til samkeppnishæfni fyrirtækja og að á næstu árum yrði hvert fyrirtæki orðið hluti af tiltekinni upplýsinga-virðisdeöju þar sem upplýsingakerfi mundi gegna lykilhlutverki.



Friðrik Sigurðsson, forstjóri, Tölvu-Myndir hf.

SAMKEPPNISHÆFNI UPPLÝSINGAKERFA

Friðrik ræddi um samkeppnishæfni tölvukerfa og lagði út af spurningunni: „Getum við orðið betri?“ Hann sagði tölurnar segja sína sögu um velgengi í upplýsingatæknigreininni. Samanburður við önnur lönd segi hins vegar að við séum aðeins á hælunum á öðrum. Hver sé þá samkeppnistaða gagnvart öðrum. Í því sambandi nefndi hann m.a. innviðina, viðskiptaumhverfið og viðhorfin. Hann nefndi notkun okkar á kennitölum og vísitölu sem mjög sérstakt fyrirbæri sem við hefðum notið góðs af og væri í raun undirstöðuatriði sem við kynnum betur að hagnýta en flestar aðrar þjóðir. Þá taldi hann smæðina búa yfir styrk sem fæli í sér möguleika á betri yfirsýn. Hins vegar hamlaði smæðin sérhæfingunni. Tungan

væri hins vegar erfið viðfangs og á margan hátt hamlandi. Það væri ekki lengur krafa að skrifa tölvukerfi á íslensku.

Friðrik sagði að mikil bylting hefði orðið í fjármögnunarumhverfi upplýsingatæknifyrirtækja og það væri lykillinn að þróun og þekkingaruppbyggingu. Mest kreppti að í sölumálum. Við kynnum ekki að sigra og töpuðum því miður allt of oft á öllum sviðum. Þessu hugarfari þyrfti að breyta.

Mikilvægasta umhverfið væru fram-sækin og metnaðarfull fyrirtæki sem væru reiðubúin til að taka áhættu og vinna ný lönd. Enn væru slík fyrirtæki of fá en við þyrftum ekki mörg til að ryðja brautina.



Ari Arnalds, forstjóri, Verk- og kerfisfræðistofan hf.

NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI VIÐ GÆÐASTJÓRNUN

Ari Arnalds lýsti notkun upplýsingatækni við gæðastjórnun hjá VKS. Hann sagði að kerfið byggðist á hópvinnukerfi í Microsoft umhverfi. Gæðakerfið væri gert aðgengilegt öllum starfsmönnum. Eiginleikar upplýsingatækninnar væru notaðir til fulls á myndrænan hátt þannig að verkferlar fyrirtækisins væru mjög skýrir.

Ari lýsti á mjög einfaldan hátt innviðum gæðakerfisins sem hann hafði meðferðis á tölvutæku formi á geisladiski og leiddi fundarmenn inn í hina nýju ásýnd gæðastjórnunar fyrir tilverknað upplýsingatækninnar.



Eysteinn Haraldsson, framkvæmdastjóri, Íslenskir aðalverktakar hf.

NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI VIÐ VERKEFNA-STJÓRNUN OG HÖNNUN

Eysteinn Haraldsson fjallaði um mikilvægi upplýsingatækni við rekstur verktakafyrirtækja. Sóknarfærin á

sviði byggingariðnaðar væru mikil. Íslendingar væru í þessu sem ýmsu öðru síst eftirbátar annarra.

Hann sagði að iðnaðurinn yrði að tæknivæðast og nýta sér bestu tækni á hverjum tíma til að standast samkeppni í framtíðinni og vera alltaf skrefi á undan keppinautum til að viðhalda forskoti.

Eysteinn nefndi nokkur dæmi um mikilvægi upplýsingatækni í stórum verkefnum hjá ÍAV hf. Fyrirtækið hefði um langt skeið haft mikil samskipti við bandaríska verkkaupa, birgja og hönnuði.

Við byggingu nýs álvers á Grundartanga hefðu teikningar tekið miklum breytingum á stuttum byggingartíma og ekki væri nokkur vafi á að byggingarhraðinn hefði m.a. reynst mögulegur vegna skilvirkrar upplýsingamiðlunar milli hönnuða og byggingaraðila.

Bláa lónið væri dæmi um hönnun samhliða framkvæmd. Eins og Eysteinn orðaði það hefðu smiðirnir verið korter á undan arkitektunum.

Eysteinn sagði að samskipti við hönnuði og birgja, bæði innlenda og erlenda færu sífellt meira fram á Netinu. Við framkvæmdir fjarri höfuðstöðvum, inni í óbyggðum og upp til fjalla, hefðu kostir hinnar nýju tækni kristallast. Netið stytta vegalengdir og menn væru í beinu upplýsingasambandi.

Bæði við gerð Hágöngumiðlunar og Vatnsfellsvirkjunar hefði verið lögð sérstök áhersla á að tryggja örugg fjar-skipti við undirbúning.

„Fjarlægðir“ hefðu verið „stytta út“ með Netinu. ÍAV hefðu þegar tekið nýjungar Netsins og fjar-skiptatækninnar í notkun eins og best gerðist.

Möguleikarnir væru þó langt frá því fullnýttir. Til að færast á næsta stig

hefði fyrirtækið hleypt af stokkunum verkefni til að efla verkefnastjórnun á öllum sviðum með tilliti til upplýsingatækninnar.

Framtíðarsýn ÍAV væri að með tilkomu upplýsingatækninnar og skynsamlegrar nýtingar hennar verði mörg sóknarfæri inn í nýja öld á sviði byggingariðnaðar.

Þar ætli ÍAV sér stórt hlutverk.



Magnús Ingi Stefánsson forstöðumaður upplýsingasviðs, Mjólkursamsalan

RAFRÆN VIÐSKIPTI OG NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI VIÐ VÖRUSTJÓRNUN

Magnús ræddi um notkun MS við rafræn viðskipti. Pantanir yfir Netið hefðu í för með sér mikinn tímasparnað auk þess sem ábyrgð og rekjanleiki yrði mun auðveldari með þeim hætti. Í stað þess að hafa fimm sölumenn til að slá inn pantanir væri hægt að tryggja að unnið væri með nýjar upplýsingar.

Magnús sýndi einfalt dæmi um hvernig litlir viðskiptavinir gætu gagnýtt sér Netið til pöntunar. Eldri pantanir geymast þannig að ekki þyrfti að endurtaka upplýsingar sem þegar lægu fyrir. Þróunin væri að verða sú að hver viðskiptavinur gæti farið beint inn í pantanakerfið. Innan skamms yrðu allir, sem málið varðaði, komnir inn í þetta kerfi.

Upplýsingatækni við vörustjórnun væri annað gott dæmi um notkun slíkrar tækni hjá MS. Í gegnum söluspá gætu viðskiptavinir fylgst með sinni

vöru og pöntun gegnum ferlið. Hver og einn vissi þannig nákvæmlega hvar sérhver vara væri stödd og hvenær hún yrði komin á áfangastað.

Þriðja dæmið sem Magnús nefndi var upplýsingavinnsla um sölusögu t.d. síðasta árs eða síðasta tímabils. Þá hefði upplýsingatækni gert meðhöndlun sérpantana mun auðveldari en áður var.

Að lokum nefndi Magnús þá hagræðingu sem fælist í því að ekki þyrfti að sinna vörutalningu eins og oft áður.



Ásgeir Ásgeirsson, forstöðumaður upplýsingatæknideildar, Marels hf.

NOTKUN UPPLÝSINGATÆKNI VIÐ VÖRUÞRÓUN OG FRAMLEIÐSLU-STJÓRNUN

Ásgeir fjallaði um nýtt tölvukerfi hjá Marel og notkun þess í tengslum við vöruþróun og framleiðslustjórnun hjá fyrirtækinu.

Hann sagði að rekstur Marels væri mjög háður upplýsingatækni og fyrirtækið liti á upplýsingatækni sem eitt helsta tækið í samkeppni. Marel nýtti upplýsingatækni til að laga sig hratt að breyttum aðstæðum en meiri tækni kallaði á aukna þjónustu. Þetta ylli auknum áhyggjum.

Upplýsingatæknin breyttist hratt og til að mæta þessu væru fyrirtæki eins og Marel í vaxandi mæli farin að greiða fyrir afnot af nýjustu tækni í stað þess að „eignast“ og sitja uppi með úrelta tækni. Marel stefndi að því að færa í auknum mæli valda upplýsingatækni inn í reksturinn og halda



UT-deild í lágmarki og í hlutverki þjónustu en ekki rekstrar.

Ásgeir sagði að Marel hefði verið að byggja upp nýtt framleiðsluskipulag sem byggist á svokölluðu "sellu skipulagi". Þetta skipulag yki kröfur til upplýsingakerfisins, m.a. þannig að nú væru allir alltaf í þráðlausu símasambandi. Meðaláhersla í nýju upplýsingakerf væri samþættalegt verkþókhald og framleiðslukerfi og tæknilega öflugt gagnagrunns- og Internetkerfi. Í uppbyggingu kerfisins hefði verið lögð áhersla á samstarf við innlendan aðila með þekkingu og reynslu á sambærilegum verkefnum og styrk til að takast á við verkefnið.

Ásgeir hélt því fram að framtíð Marel byggðist á hugbúnaði og nú þjónustaði fyrirtækið sín kerfi hjá viðskiptavinum með fjartengingum. Í framtíðinni hygðist Marel ganga lengra og reka kerfin fyrir viðskiptavininn. Í því sambandi þyrfti fyrirtækið að byggja upp tækni til að mæta nýjum kröfum um rekstrarform.



Guðbrandur Magnússon, framleiðslustjóri Morgunblaðsins.

SAMHÆFD UPPLÝSINGAKERFI OG TÖLVUVÆDD ÚTGÁFA

Erindi Guðbrands fjallaði einkum um upplýsingar og tækni.

Hann sagði m.a. að sjá mætti merki þess að fjölmiðlun á Internetinu væri orðin samofin viðskiptahagsmunum viðkomandi miðla og oft væru óljós skil milli raunverulegra hlutlægra upplýsinga annars vegar og markaðssetningar og auglýsinga hins vegar. Markaðssetning birtist oft í búningi fréttar og hlutlægra upplýsinga og allir fjölmiðlar stæðu í raun frammi fyrir þessum vanda. Vandaðir fjölmiðlar gerðu sér grein fyrir vandanum og þyrftu að glíma við hann daglega.

Guðbrandur taldi bandvídd eða aukna flutningsgetu gagna trúlega

ráða mestu um tækniþróun næstu ára og stóraukin flutningsgeta stafrænna gagna myndi opna fyrir flóðgáttir tækninýjunga. Gengi það eftir jafngilti það álíka byltingu í netmiðlun og orðið hefði í síamálum. Þá gætu notendur skoðað myndbönd og

hlustað á tónlist án þess að þröng gagnagáttin takmarkaði notin en þráðlaus bandvídd gerði notendum kleift að nýta sér nettengingu hvar sem væri.

Guðbrandur gat þess einnig að ný tegund fjölmiðla, sem verða væntanlega allt annars eðlis en sjónvarp og dagblöð, væri í þann mund að koma fram á sjónarsviðið. Hin nýja tækni byggðist á öflugri gagnagrunnstækni og mundi trúlega ráða við mismunandi gagnasnið svo sem kvikmyndir, hljóð og texta. Guðbrandur sagði að hætt væri við að snúið yrði að ritstýra slíku efni og mörk auglýsinga og hlutlægra upplýsinga yrðu þokukennð.

Guðbrandur sagði að upplýsingaflæði mikilla bandvídda tryggði engan veginn menntun og þekkingu. Það yrði hinn nýi hvítigaldur framtíðar að búa til góða fjölmiðla á takmarkalausri bandvídd en þar yrði líka framinn svartigaldur sem aldrei fyrr í nafni tækni framfara.



Lifandi fréttavefur

www.si.is



LABAK aðalfundur

**Aðalfundur Landssambands bakara-
meistara var haldinn laugardaginn
26. febrúar sl. Þátttaka í fundinum
var óvenju góð og umræður líflugar.**

Í upphafi fundarins kom Gunnar Kristinsson, framkvæmdastjóri Fræðsluráðs hótél- og matvælagreina, og greindi frá starfsemi ráðsins. Fræðsluráðið annast, eins og kunnugt er, endurmenntun fyrir bakara og á vormisseri 2000 eru í undirbúningi þrjú sérhæfð námskeið fyrir starfandi bakara, í bakstri fyrir fólk með ofnæmi og óþol, í skyndiréttum og í vínarbrauðsgerð. Gengið verður frá námskeiðslýsingum á næstunni og þær sendar út til bakara til kynningar. Guðni Andreassen var endurkjörinn formaður til eins árs. Sigurjón Héðinsson gekk út úr stjórn eftir margra ára óeigingjarnt starf. Í hans stað var Reynir Carl Þorleifsson kosinn í stjórn LABAK til næstu tveggja ára. Einnig var Hörður Kristjánsson endurkjörinn til næstu tveggja ára. Aðrir í stjórn LABAK eru Hjálmar E. Jónsson og Jóhannes Felixson. Eftir fundinn bauð Katla fundarmönnum til glæsilegrar móttöku í húsakynnum sínum að Eirhöfða 18.



MÁLMUR aðalfundur

**Málmur, – samtök fyrirtækja í málm-
og skipaiðnaði, hélt aðalfund sinn
24. febrúar sl.**

Auk venjubundinna aðalfundarstarfa var fjallað um samkeppnisstöðu greinarinnar gagnvart erlendum keppinautum. Í fróðlegum framsöguerindum Inga Björnssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra Stáltaks hf. og Ingólfs Bender, hagræðings Samtaka iðnaðarins kom glöggt fram hve mikil hagræn áhrif stórframkvæmd eins og smíði varðskips hafa hér á landi en einnig hvað samkeppnisstaðan í málmiðnaðinum hefur versnað undanfarna mánuði og misseri. Þar vegur hæst launaskrið sem er allt að þrefalt meira en hjá málmiðnaðarfyrirtækjum á Norðurlöndum. Þá er íslenska krónan í sögulegu hámarki sem leiðir til þess að samkeppnisstaðan veikist sem því nemur. Á fundinum kom glöggt fram að þrátt fyrir ýmis jákvæð teikn í þróun málmiðnaðarins síðustu ár eru nú mjög alvarlegar blikur á lofti sem verður að bregðast við ef ekki á að fara eins og um og eftir árið 1990.

Á aðalfundinum kom fram mikil ánægja með margt gott sem er að gerast í fræðslu- og iðnmenntamálu greinarinnar. Endurskipulagningu iðnánámsins ber hæst en með því er einmitt verið að vinna markvisst að því að mæta aukinni tæknivæðingu og samkeppni.

Theódór Blöndal var endurkjörinn formaður Málmur. Aðrir í stjórn eru: Bjarni Sigurðsson (Formax), Brynjar Haraldsson (Frostverk), Hallgrímur Hallgrímsson (Ósey), Ingi Björnsson (Stáltak), Magnús Aadnegard (Fram-

tak), Ólafur Friðriksson (Skipalyftan), Þorgeir Jósefsson (Skipasm. Þorgeir & Ellert) og Þorvaldur Hallgrímsson (Hella).

MiH aðalfundur

**Aðalfundur Meistarafélags iðnaðar-
manna í Hafnarfirði var haldinn 18.
febrúar sl.**

Gestur fundarins var Guðmundur Árni Stefánsson alþingismaður en hann flutti erindi á fundinum og ræddi þar meðal annars um samskipti hins opinbera við félagsmenn.

Í skýrslu sinni gat formaður félagsins, Magnús Jóhannsson, þess að afkoma félagsins hefði verið góð og væri sú staða í rökréttu samhengi við góða verkefnastöðu í byggingariðnaði undanfarin tvö ár og gæfi góð fyrirheit um framhaldið.

Að sögn Magnúsar verður úthlutað lóðum undir á fjórða hundrað íbúðir í Hafnarfirði á þessu ári og er þess vænst að félagsmenn MiH fái þar ríkulagan skerf í sinn hlut.

Formaður gerði einnig að umtalsefni þær skoðanir að íbúðaverð á höfuðborgarsvæðinu væri orðið allt of hátt og sagðist vera því algerlega ósamhála, verð íbúða og annars húsnæðis hefði ekki fylgt verðlagsþróun og launakostnaði um árabíl. Sú 35% hækkun sem orðið hefði á fasteignaverði væri löngu orðin tímabær. Það væri fásinna að saka sveitarfélögin um



F.v. Magnús Jóhannsson fráfarandi formaður og nýkjörinn formaður Guðlaugur Adólfsson

lóðaskort, framboð og eftirspurn héldust í hendur nú sem fyrr og enginn hefði bolmagn til að byggja húsnæði á lager til að mæta síðari tíma þörfum.

Magnús fagnaði því framtaki SI að gefa út kostnaðarlíkanið Taxta. Allt frá því að verðlagning var gefin frjáls og bannað að gefa út viðmiðunartaxta útseldrar vinnu hefðu meistarar rennt blint í sjóinn hvað varðar verðlagningu útselds tíma en líkanið drægi mjög úr slíkri óvissu.

Magnús lætur nú af störfum eftir 7 ára formennsku í stjórn MiH en alls hefur hann setið í stjórn félagsins í 17 ár. Hann sagði þau ár hafa verið ánægjuleg og þakkaði gott samstarf á liðnum árum og óskaði félaginu vel-farnaðar undir nýrri forystu á nýrri öld en formaður nýkjörinnar stjórnar félagsins er Guðlaugur Adólfsson.



Menn skemmtu sér á árhátíð MiH

80 manns sóttu fræðslufund um hreinlæti við matvælaframleiðslu

Samtök iðnaðarins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Hollustuvernd ríkisins og Matvælahópur Gæðastjórnunarfélagsins stóðu fyrir fræðslufundi um hreinlæti við matvælaframleiðslu, 1. mars sl.

Fundinn sóttu um 80 manns og þótti hann takast með eindæmum vel. Á fundinum voru flutt fjögur erindi og umræður fóru fram eftir hvert þeirra. Jónína Stefánsdóttir hjá Hollustuvernd lýsti því hversu mikilvæg góð þrif eru til að tryggja öryggi matvæla og sagði frá könnun sem heilbrigðiseftirlitið gerði nýlega í fyrirtækjum. Þar kom í ljós að þótt fletir og áhöld virðist hrein þegar horft er á þau með berum augum er sú ekki endilega raunin. Birna Guðbjörnsdóttir á Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins lýsti því hvernig best er að standa að þrifum, þ.e.a.s. hvernig á að nota þvottaefni og sótt-hreinsiefni rétt og þannig að þau gagn-ist best. Hún sýndi líka einfaldar aðferðir til að fylgjast með því hvort nógu vel hefur verið þrifið. Elín Ragnarsdóttir hjá Kjötumboðinu ehf. greindi frá því hvernig staðið er að málum í Kjötumboðinu, bæði varðandi þrif,



þrifaefirlit og síðan eftirfylgni ef árangur er ekki fullnægjandi. Að lokum greindu Elsa Ingjaldsdóttir og Reynir Þrastarson frá því hvernig eftirliti með hreinlæti í fyrirtækjum er háttað, annars vegar af hálfu Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og hins vegar hjá einkarekinni skoðunarstofu í sjávarútvegi. Öll erindi voru einstaklega vel undirbúin og skýrt og skilmerkilega framsett. Samtök iðnaðarins þakka fram-sögumönnum kærlega fyrir þátttöku-una. Einnig eru fundarstjóra, Halldóri Runólfssyni, yfirdýralækni, færðar bestu þakkir fyrir að stýra fundinum og stjórna umræðum af röggsemi. Glærur frá fundinum er að finna á heimasíðum aðstandenda, www.si.is, www.hollver.is, www.rfisk.is.

Góð aðsókn á sýninguna Liðsinni í Perlunni Sýningar ehf. stóðu að framkvæmdinni

Umhverfisstjórnun og upplýsingatækni, sem auðveldar daglegt líf og aðgengi fatlaðra, var viðfangsefni sýningarinnar Liðsinni sem haldin var í Perlunni 11.-13. febrúar sl. Sýningin var vel sótt, bæði af notendum þeirrar tækni sem býðst og einnig af fagaðilum sem tengjast málaflokkum fatlaðra.

Þrettán hagsmunasamtök og þjónustustofnanir óskuðu samstarfs við Sýningar ehf., hlutdeildarfélags Samtaka iðnaðarins, um framkvæmd sýningarinnar.

Viðfangsefni hennar var sú tækni sem er til og verið er að þróa til að auðvelða fötludum aðgengi í daglegu lífi. Tækninýjungar fyrir fatlaða gagnast í raun öllum svo að segja má að

sýningin hafi haft víða skírskotun. Samhliða sýningunni var haldin ráðstefna þar sem sérfræðingar frá Norðurlöndunum og Bandaríkjunum fluttu fróðleg erindi um þarfir fatlaðra, möguleika, nýjungar og takmarkanir þeirrar tækni sem býðst.

Fyrirlestrar Snæfríðar Þ. Egilson, lektors í iðjuþjálfun við Háskólann á Akureyri, Ingibjargar Auðunsdóttur, móður og Karls Guðmundssonar, nema í Lundaskóla á Akureyri, um þá tækni sem nú er völ á, vöktu óskipta athygli.

Yfir tuttugu fyrirtæki og þjónustustofnanir tóku þátt í sýningunni og kynntu starfsemi sína. Vonir eru bundnar við að hægt verði að endurtaka leikinn og halda aðra sýningu sem þessa innan fárra ára.

Prentsmiðjan Hjá Guðjónó fær Norræna umhverfismerkið

Norræna umhverfismerkið hefur verið veitt prentsmiðjunni Hjá Guðjónó fyrir prentverk sem fullnægir kröfum merkisins um fjölmarga þætti sem snúa að umhverfismálum.

Hjá Guðjónó er fyrsta íslenska prentsmiðjan sem hlýtur þessa viðurkenningu en eitt íslenskt fyrirtæki, Frigg hf. hefur áður fengið merkið á framleiðslu sína, á þvottaefnið Marabon milt. Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra afhenti prentsmiðjunni Hjá Guðjónó Norræna umhverfismerkið við hátíðlega athöfn í síðasta mánuði. Í því felst mikil viðurkenning fyrir prentsmiðjuna og störf hennar að umhverfismálum.

Norræna umhverfismerkið eða Svanurinn er fyrsta fjölþjóðlega umhverfismerkið í heiminum en fyrstu norrænu umhverfismerkisleyfin voru gefin út árið 1991. Merkið er mynd af hvítum svani á grænum fleti og byggist á merki Norrænu ráðherranefndarinnar. Yfir merkinu stendur „Umhverfismerki“ en undir því eru allt að þrjár ritaðar línur þar sem fram kemur hvers vegna viðkomandi vara er síður skaðleg en sambærilegar vörur á markaðnum.

Markmið norræna umhverfismerkisins er að veita neytendum leiðsögn



Siv Friðleifsdóttir umhverfisráðherra afhendir forsvarsmönnum hjá Guðjónó Norræna umhverfismerkið. Þeir eru talið f.v.: Þórleifur V. Friðriksson, Sigurður Þorláksson og Ólafur Stolzenwald

við val á vörum og þjónustu svo að þeir geti valið það sem veldur minnstu álagi á umhverfið. Norræna umhverfismerkið er hlutlaus og sjálfstæð vörumerking og einungis vörur sem standast strangar umhverfiskröfur mega bera það.

Verkefninu er stjórnað af landsnefndum í hverju Norðurlandanna, en í þeim eiga sæti fulltrúar stjórnvalda, neytenda, áhugasamtaka, atvinnulífsins og rannsóknastofnana. Hlutverk þeirra er m.a. að taka ákvarðanir um þá vöruflokka sem merkja má með norræna umhverfismerkinu og að

samþykkja viðmiðanir fyrir hvern vöruflokk.

Með viðmiðunum er leitast við að skilgreina hámarks-umhverfisáhrif fyrir viðkomandi vöruflokka. Umhverfiseiginleikar sambærilegra vöruflokka á markaðinum eru bornir saman og metnir. Þetta er gert m.a. með því að skoða og meta þætti eins og nýtingu náttúruauðlinda og orku og losun mengunarefna út í umhverfið sem fylgir framleiðslu og notkun vörunnar. Miðað er við allan líftíma vörunnar, frá upphafi framleiðsluferlis til þess að hætt er að nota hana. Almenn gæði vörunnar eru líka metin og verða að

standast tilteknar kröfur.

Umhverfismerkið er síðan veitt þeim vörum sem standast þær viðmiðanir sem settar eru fyrir viðkomandi vöruflokk. Ef samþykkt er að vara megji bera norræna umhverfismerkið í einu landi, gildir heimildin einnig á hinum aðildarlöndunum.

Nú eru til viðmið fyrir 51 vöruflokk, frá einnota bleyjum og kaffisíum til uppþvottavéla og utanborðsmótora.



Á Norðurlöndum eru nú um 360 prentsmiðjur sem hafa leyfi til að nota Norræna umhverfismerkið og fjölgar þeim um 10-15 í hverju mánuði, þar af eru flest í Svíþjóð eða um 260. Lætur nærri að um tveir þriðju hlutar sænska prentiðnaðarins séu vottaðar með norræna umhverfismerkinu. Aukningin annars staðar á Norðurlöndum hefur verið mikil síðastliðið ár og er ánægjulegt að sjá að Ísland tekur einnig þátt í þessari þróun í átt að betri umgengni við umhverfið. Vonir standa til að fleiri íslenskar prentsmiðjur fylgi í kjölfar Hjá Guðjónó.

Ólafur Kjartansson

BYGGINGADAGAR 2000

STÓRSÝNING Í LAUGARDALSHÖLL 12.- 14. MAÍ



HÚS OG GARÐAR

HÖNNUN OG HANDVERK

Á fréttavefnum
www.si.is
er að finna ítarleg
kynningargögn um
sýninguna

Stórsýning fyrirtækja, framleiðenda, fagfélaga, hönnuða og stofnana í tengslum við íslenskan byggingariðnað

Franskir dagar í íslenskum bakaríum

Landssamband bakameistara og Samtök iðnaðarins standa fyrir markaðsátaki undir kjörorðinu „Parísarbrauð, bökur og kökur; franskir dagar í íslenskum bakaríum“ síðari hluta þessa mánaðar.

Átakið felst í því að félagsmenn í Landssambandi bakameistara bjóða brauð og margskonar bakkelsi að franskri fyrirmynd í bakaríum sínum, s.s. „baguette,“ „croissant,“ ávaxtabökur og ýmis smástykki og auglýsa sameiginlega franska brauð- og kökugerð meðan á átakinu stendur. Bakaríin verða skreytt með efni sem minnir á Frakkland, s.s. Eiffeltúrninum, veggspjöldum með frönsku fánalitunum, franska fánanum og fleira þess háttar. Hið formlega átak hefst föstudaginn 17. mars og stendur í tvær vikur og taka um 40 bakarí um allt land þátt í því. Í tilefni frönsku



daganna hafa hráefnabirgjar keppt við að halda kynningar fyrir bakara á hráefni til framleiðslu á frönskum vörum.

Innkaupasamband bakara hélt kynningu á frönskum vörum 25. febrúar. Undanfarnar vikur hefur franskur bakari ferðast milli bakaría á þess vegum til að kenna réttu handtökin. Bakó kynnti uppskriftir sínar og efni fyrir þátttakendum í aðalfundi LABAK í fundarhléi og Kornax efndi til kynningar á sínum vörum og uppskriftum 10. mars sl. Eins og fram kemur annars staðar í blaðinu bauð Katla bökurum til móttöku eftir aðalfundinn og kynnti þá vörur sínar í leiðinni.

Ragnheiður Héðinsdóttir

Nordic Forum for Production Management – skráningu á ráðstefnu í Finnlandi að ljúka

Ráðstefnan „Reducing Time to Market“ verður haldin í Finnlandi 28. til 29. mars nk. á vegum Nordic Forum for Production Management sem SI standa að ásamt systursamtökum á Norðurlöndum. Ljóst er að allstór hópur þátttakenda frá Íslandi sækir þessa áhugaverðu ráðstefnu sem hefur verið ítarlega kynnt hér í blaðinu og á vef Samtaka iðnaðarins www.si.is.

Fyrirtæki, sem vilja vera í hópi þeirra bestu á sínu sviði í framleiðslu, þurfa stöðugt að fylgjast með nýjustu tækni og aðferðum til að „stytta tímann á markað,“ frá hugmynd til hagnaðar. Ein leið til að ná skjótari árangri á framleiðsluhliðinni er aukin áhersla á viðskiptaleg samstarfsnet milli fyrirtækja.

Markhópur ráðstefnunnar eru stjórnendur framsækinna fyrirtækja á Norðurlöndum á sviði framleiðslu og framleiðslustjórnunar auk kunnáttu-

fólks á þessum sviðum innan háskóla og rannsóknastofnana. Fyrirlesarar koma frá fyrirtækjum og stofnunum sem eru í fremstu röð á sínu sviði. Meðal þeirra, sem flytja erindi fyrir hönd fyrirtækja sinna, er fulltrúi Mar-els. Aðalerindi ráðstefnunnar heldur prófessor Charles Fine frá MIT en hann er heimsþekktur fræðimaður á þessu sviði og hefur unnið að því að innleiða ný viðhorf í framleiðslu og framleiðslustjórnun með fyrirtækjum um allan heim .

– Markmið ráðstefnunnar er að veita þátttakendum nýjan innblástur, skiptast á reynslu og fá gott yfirlit yfir þróun og nýjustu viðhorf á sviði framleiðslu og framleiðslustjórnunar, með viðræðum og kynnum við stjórnendur og þekkingarfólk á sínu sviði meðal framsæknustu fyrirtækja og stofnana á Norðurlöndum.

Þegar hafa fjölmargir fulltrúar frá

framsæknustu fyrirtækjum og stofnunum Norðurlanda tilkynnt þátttöku sína þannig að nú fer hver að verða síð-

astur. Þátttökugjald er 2000 Finnisk mörk eða um 25.000 kr. ísl.

Nánari upplýsingar veita undirritaðir í síma 511 55 55 eða með e-mail. Þá má finna upplýsingar um Nordic Forum for Production Management og ráðstefnuna undir www.nordicforum.org.

*Ingólfur Sværissón
Davíð Lúðvíksson*





OG REGLUGERÐIR

Umhverfisráðuneytið hefur gefið út reglugerð með skilyrðum fyrir landslöggingingu iðnmeistara til að standa fyrir verkframkvæmdum.

REGLUGERÐ

um skilyrði fyrir löggildingu iðnmeistara samkvæmt 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða laga nr. 73/1997,

með síðari breytingum.

1. grein

Þeir einstaklingar, sem fengu útgefið eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 og ekki hafa lokið meistarakóla, eiga rétt á löggildingu til að bera ábyrgð á verkframkvæmdum fyrir byggingarnefnd eftir að hafa sótt námskeið eins og greinir í reglugerð þessari enda sækji þeir um slíka löggildingu fyrir 1. júlí 2001.

2. grein

Umhverfisráðherra skipar nefnd til að hafa yfirstjórn með námskeiðum. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi tilnefndur af Samtökum

iðnaðarins, fulltrúi tilnefndur af Skipulagsstofnun, fulltrúi án tilnefningar sem skal vera formaður og jafn margir varamenn. Nefndin stendur fyrir gerð námskeiða, útgáfu sérstaks námsefnis og ræður kennara. Nefndin getur að fengnu samþykki umhverfisráðuneytisins falið viðurkenndum aðila námskeiðshaldið en skal eigi að síður hafa eftirlit með því.

3. grein

Námskeið skulu auglýst rækilega með hæfilegum fyrirvara s.s. í dagblöðum og staðarblöðum þar sem það á við. Halda skal námskeið eftir þörfum en við það skal miðað að ekki séu færri en 15 þátttakendur á hverju námskeiði að öðrum kosti getur nefndin ákveðið að sameina námskeið.

Á námskeiðunum skal farið í eftirfarandi atriði:

- 1) Skipulags- og byggingarlögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim
- 2) ÍST 30 og notkun hans
- 3) Útboð, tilboð og verksamningsgerð
- 4) Samskipti aðal- og undirverktaka
- 5) Iðnaðarlög
- 6) Stofnun félaga og ábyrgð stjórnarmanna félaga
- 7) Gæðastjórnun
- 8) Öryggismál
- 9) Kostnaður við útselda tíma
- 10) Helsti munurinn á verktaka og launþega og vinnuveitendaábyrgð

11) A.m.k. 5 kennslustundir í lausn raunhæfs verkefnis

Námskeiðin skulu vera 45 kennslustundir að lengd. Skylt er að sitja allt námskeiðið að öðrum kosti eiga þátttakendur ekki rétt á löggildingu.

4. grein

Þátttakendur skulu greiða námskeiðsgjald sem skal greitt þegar skráning á námskeið fer fram. Upphæð námskeiðsgjalds skal ekki vera hærri en kostnaður við námskeiðshald.

Fjárhæð námskeiðsgjalds skal ákveðin af umhverfisráðuneytinu hverju sinni, að fenginni tillögu nefndarinnar sbr. 2. gr.

Heimilt er að endurgreiða námskeiðsgjald verði ekki af námskeiði eða mæli sérstakar ástæður með því.

5. grein

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. tölulíð í ákvæði til bráðabirgða í lögum 73/1997 með síðari breytingum. og öðlast þegar gildi. Samtök iðnaðarins munu gera félagsmönnum sínum betur grein fyrir þessum reglum á næstu vikum. Er skorað á félagsmenn að fylgjast vel með því enda um að ræða réttindamál fyrir all marga.

*Ólafur Helgi Árnason
Eyjólfur Bjarnason*

Verðlaun veitt í umbúðasamkeppni SI



Helgarsteik frá SS hlaut 1. verðlaun.



Heilsutvenna frá Lýsi hlaut 3. verðlaun.

Umbúðalína Össurar hf. hlaut 2. verðlaun.

**Nánari
upplýsingar,
www.si.is**



Fríður hópur hönnuða, framleiðenda og notenda umbúða hlaut verðlaun og viðurkenningu



Húsbyggingar Ný hugsun – nýtt framleiðsluferli

Sveinn Heiðar Jónsson húsasmíðameistari á Akureyri hefur um árabil byggt íbúðir og selt. Hann hefur verið fljótur að taka upp nýjungar og hann hefur verið ötull talsmaður þess að fyrirtæki í byggingariðnaði fengju úthlutað svæðum til að deiliskipuleggja og byggja á.

Fyrirtæki hans, Trésmíðja Sveins Heiðars, fékk á síðasta ári úthlutað svæði á Akureyri fyrir raðhús. Reiturinn var óskipulagður og því þurfti að sinna allri deiliskipulagsvinnu í samvinnu við Akureyrarbæ. En af hverju erum við að segja frá þessu hér í Íslenskum iðnaði. Jú það stafar af því að mjög fagmannlega hefur verið staðið að vinnslu verkefnisins af hálfu Sveins Heiðars.

FARIÐ Í SMÍÐJU DANA

Sveinn Heiðar vildi reyna að breyta til og ná fram hagræði í framkvæmdum við uppbyggingu svæðisins. Hann vildi reyna eitthvað nýtt. Tekin var sú ákvörðun að ráða fagmenn á hverju sviði fyrir sig til undirbúnings. Arkitekt var ráðinn til að hanna deiliskipulag og hús, verkfræðistofa var ráðin til að hannast burðarþols- og lagnahönnun og garðyrkjufræðingur til að hanna lóðir og annast gerð þeirra. Sveinn Heiðar fullyrðir að það hafi skilað sér til baka að hafa strax í upphafi ráðið sérfræðinga á hverju sviði fyrir sig. Sveinn Heiðar lét ekki þar við sitja heldur var farið með hönnunarhópinn í viking til Danmerkur þar sem heimsótt voru fyrirtæki sem voru í svipaðri starfssemi, þ.e. að hanna, byggja og selja íbúðir. Sú þekking, sem þar fékkst, hefur síðan verið yfirfærð yfir á íslenskar aðstæður og virðist ætla að skila góðum og hagkvæmum húsum.

Tekin var sú ákvörðun að selja húsinn fullfrágengin að innan sem utan og frágenginni lóð. Fyrirfram var ákveðið hvar kaupendur gætu haft áhrif á útfærslu og val efnis. Með þeim hætti er

komist hjá því að vera að sérsníða fyrir hvern og einn sem kostar bæði mikinn tíma og fé.

Athyglisvert er hve vel framkvæmdin varundirbúin. Sveinn Heiðar hefur farið yfir hvern þátt framkvæmdarinnar með hönnuðum og starfsmönnum sínum. Þetta var gert til að koma í veg fyrir óvæntar upptakomur á framkvæmdatímanum.


HANDBÓK HÚSSINS

Tekin var sú ákvörðun að semja handbók fyrir húsin. Kaupendur fá í hendur slíka bók. Þar er gerð grein fyrir framkvæmdinni, vali efnis og tækja sem notuð eru í húsunum ásamt leiðbeiningum um viðhald. Þar er einnig að finna tilboð frá tryggingafyrirtækjum um tryggingar húsanna og þeirra sem þar búa. Tryggingafélag hafa sýnt þessu framtaki Sveins Heiðars mikinn áhuga og segja að iðgjöld af tryggingum slíkra fasteigna geti orðið lægri en ella vegna þess hvernig staðið hefur verið að undirbúningi og framkvæmdum.



NÝTT BYGGINGARLAG OG FRAMLEIÐSLUFERLI

Sveinn Heiðar segist ekki vera að framleiða einingarhús, þó að hann framleiði heilu veggeiningarnar á verkstæði sem hann útbjó sérstaklega fyrir þetta verkefni. Þar getur hann framleitt allar útveggjaeiningar með einangrun, vind- og rakavörnum og glerjuðum gluggum ásamt sperrum. Með þessu móti er hann óháður veðri og



vindum og getur flutt mannskapinn inn á verkstæði þegar illa viðrar.

Húsin, sem öll eru úr timbri, eru byggð ofan á skriðkjallara þar sem öllum lögnum er haganlega fyrir komið, engar lagnir eru því í útveggjum. Þær eru teknar upp í milliveggi sem smíðaðir eru á staðnum og ofnalagnir koma sýnilegar upp úr skriðkjallaranum í hvern ofn fyrir sig. Með þessu móti verða lagnir og viðhald þeirra auðvelt og ekki þarf að brjóta og rífa til að komast að orsök vanda ef upp kemur.

Ljóst er að Sveinn Heiðar er að gera góða hluti í fyrirtæki sínu. Hann leitar eftir nýjum aðferðum við framleiðslu sína og ræður fagmenn til allra verka og notar tíma í undirbúning. Allt miðar þetta að því að framleiða betri hús og að kaupandinn verði ánægðari og viti hvað hann er að kaupa og hvað hann á að fá.

Eyjólfur Bjarnason

Lifandi fréttavefur

www.si.is

Er þitt fyrirtæki...

ÍDNADUR.IS

...skráð á vefinn?

Góðar viðtökur

Á Iðnþingi 2000 var opnaður nýr vefur, idnadur.is, þar sem farið er inn á nýjar brautir við að tengja saman iðnað, ungt fólk, fyrirtæki, skóla og almenning í landinu. Vefurinn hefur hvarvetna hlotið mjög góðar viðtökur og er óhætt að segja að hér sé á ferðinni bylting í kynningu á íslenskum iðnaði fyrir ungt fólk sem stefnir á framabraut í námi og starfi.

Fyrirtæki skrái sig

Til þess að hægt verði að efla vefinn og gera notagildi hans sem allra mest til framtíðar er mikilvægt að geta fjallað um íslenskan iðnað með skírskotun til fyrirtækjanna sjálfra. Fyrirtæki innan SI eru því hvött til þess að skrá stutta lýsingu á fyrirtækinu og starfsemi þess inn á idnadur.is, ásamt upplýsingum um menntun starfsmanna, til að hægt verði að sýna fram á að í iðnfyrirtækjum starfar fólk með fjölbreytta menntun og bakgrunn og að íslenskur iðnaður er spennandi starfsvettvangur.

Einfalt að skrá

Upplýsingar skal skrá inn á slóðinni:
www.si.is/idnadur2000.html



**SAMTÖK
ÍDNADARINS**

Hallveigarstíg 1 - 101 Reykjavík
Sími 511-5555 - Fax 511-5566
Netfang mottaka@si.is - Veffang www.si.is